2611079

Frá: Samband íslenskra sveitarfélaga
Sent: fimmtudagur, 5. nóvember 2026 10:49
Efni: Nýr rammasamningur um höfundaréttargjöld vegna tónflutnings sveitarfélaga

Sent til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og á almenn netföng þeirra
Góðan dag,
Þann 28. ágúst sl. samþykkti stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga rammasamning við STEF og Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) vegna opinbers tónflutnings á vegum sveitarfélaga. Jafnframt var Sambandinu falið að kynna samninginn fyrir sveitarfélögum og hvað hann felur í sér ef þau kjósa að nýta sér hann.
Markmið rammasamningsins er að einfalda framkvæmd og umsýslu höfundaréttargjalda vegna opinbers tónflutnings sveitarfélaga og skapa aukið gegnsæi og skýrleika um innheimtu og verðlagningu. Samningurinn tekur m.a. til tónflutnings í ýmsum stofnunum sveitarfélaga og á viðburðum sem sveitarfélög standa sjálf fyrir, með þeim afmörkunum sem nánar koma fram í samningnum.
Mikilvægt er að árétta að rammasamningurinn er valkvæður fyrir sveitarfélög. Undirritun Sambandsins skuldbindur ekki einstök sveitarfélög til að gerast aðilar að samningnum eða til greiðslu samkvæmt honum. Hvert sveitarfélag tekur sjálfstæða ákvörðun um hvort það vill gera sérstakan samning við STEF á grundvelli rammasamningsins. Sveitarfélögum er jafnframt áfram í sjálfsvald sett að gera eigin samninga við STEF.
Rammasamningnum er þannig fyrst og fremst ætlað að vera sameiginlegt viðmið og einfalda samningsgerð þeirra sveitarfélaga sem kjósa að nýta sér hann.
Samkvæmt rammasamningnum miðast árlegt leyfisgjald við íbúafjölda sveitarfélags og er gjaldið á bilinu 53–103 kr. á íbúa eftir stærð sveitarfélags, þó að lágmarki 21.000 kr. Fjárhæðir taka breytingum samkvæmt nánari ákvæðum samningsins, m.a. með hliðsjón af neysluvísitölu.
Rammasamningurinn ásamt fylgiskjölum fylgir með til upplýsingar. Sveitarfélög eru hvött til að kynna sér efni hans og taka sjálfstæða afstöðu til þess hvort þau óska eftir að gera samning við STEF á grundvelli hans.
STEF mun nýta næstu mánuði til hafa samband við sveitarfélögin til að kynna rammasamninginn nánar og svara þeim spurningum sem kunna að vakna. Þau sveitarfélög sem kjósa að nýta sér rammasamninginn geta í framhaldinu gert sérstakan samning við STEF á grundvelli hans.

Með kveðju,

Samband íslenskra sveitarfélaga
Icelandic Association of Local Authorities
Sími / Tel.: (+354) 515 4900
www.samband.is / samband@samband.is
Lagalegur fyrirvari / Legal Disclaimer